



Notkunarleiðbeiningar á Quadro / Contour Select sessu

Athugið:

- Ekki vera með oddhvassa hluti nálægt sessunni
- Ekki vera sessuna nálægt heitu svæði, ösku eða eldi
- Ekki nota ventilinn sem handfang
- Ekki nota krem sem innihalda olíu eða lanolín á sessuna
- Ekki nota sessuna á eða í vatni
- Ekki setja sessuna í sóttþreinsiofn (autoclava) – ef ventilinn er lokaður getur það valdið þrýstingi og sessan rifnað

Leiðbeiningar um stillingar á Quadro Select og Contour Select

Stig 1. Opnaðu ventilinn (snúðu rangsælis)

Athugaðu að **græna** ISOFLO minnishnappnum sé ýtt í áttina að miðju í ólæsta stöðu (þá leikur loft um alla sessuna).

Stig 2. Festu slönguna á pumpunni á enda ventsilsins. Pumpaðu lofti í ventilinn þangað til loftmagnið er orðið það mikið að sessan myndi boga.

Stig 3. Taktu pumpuna af ventlinum og skrúfaðu fyrir (snúðu réttisælis)

Stig 4. Sestu á sessuna með arma og fætur í góðri stöðu

Stig 5. Renndu hendinni undir afturendann til að finna neðsta flöt líkamans, sem er setbeinið (ischial tuberosity).

Stig 6. Hafðu aðra höndina undir setbeininu og notaðu hina höndina til að opna ventilinn. Loft mun leka úr sessunni og þú byrjar að “sökva” í sessuna. Þegar fingurtopparnir eru milli setbeins og undirstöðu sessunnar skaltu skrúfa fyrir ventilinn. Það á að vera um það bil ½“ eða 1.25 sm af lofti milli setbeins og neðsta hluta sessunnar.

Stig 7. Sestu í þá stöðu sem þú vilt halda. Ef nauðsynlegt er þá getur þú beðið einhvern um aðstoð. Leyfðu loftinu að leika um sessuna til að finna réttu stöðuna. Þegar þú hefur fundið rétta stöðu, ýttu **rauða** ISOFLO minnishnappnum inn að miðju og þá læsir þú stöðunni. Þannig er loftið afmarkað við ákveðið svæði (fjögur hólf).

Stig 8. Athugaðu loftmagnið með því að renna hendinni undir setbeinið, til þess að athuga að nægjanlegt loftmagn sé í sessunni. Athugaðu að rétt loftmagn sé í öllum fjórum hólfunum. Ef þú hefur áhuga á að breyta stöðunni við mismunandi iðju, opnaðu þá ISOFLO hnappinn með því að ýta á græna hnappinn í átt að miðjunni og endurtaktu stig 7. og 8.

Grænn hnappur: ef ýtt er í átt að miðju = leikur loft um alla sessuna

Rauður hnappur: ef ýtt er í átt að miðju = loftið er bundið í fjórum mismunandi hólfum.

Hægt er að fara á heimasíðu Roho og sjá myndrænt hvernig á að bera sig að við að stilla sessurnar. Sjá slóð:

<http://www.rohoinc.com/medical/properadjust/instruction.html>

Seljandi:



Eirberg

Eirberg ehf.
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

sími 569 3100
www.eirberg.is